

Það kemur SAGA út úr mér!

20 fyrstu stafirnir úr bókinni og orðin ég, þú, hann, hún, það, segir, nei, ekki, já, sagði, og

**I i, Í í, O o, Ó ó, S s, A a, Á á, L l, J j, U u, Ú ú, M m, Ö ö, N n, E e,
É é, R r, F f, V v, Þ þ - ég, þú, hann, hún, það, segir, nei, ekki, já,
sagði, og**

Þóra fór snemma í rúm,
mamma vill ekki að Þóra sé lúin,
eða er Þóra komin með flensu?

Þóra sefur og sefur.
Því Þóra er svo lúin.

Hún er rök á enninu.
Mamma fer í símann, Vala, Vala, Þóra er lasin!

Nú er Vala vina Þóru þarna og les um músina
sem lúllar í mjölinu og Þóra og mamma
eru smám saman farnar að flissa.